



Alþjóðadagur móðurmálsins

21. febrúar

Síðan 1999 hefur 21. febrúar verið alþjóðadagur móðurmálsins

Nýtum tækifærið til umræðu um móðurmál – jafnt íslensku sem önnur mál nemenda okkar.

Hvað er móðurmál?

Umræður og skilgreining:

Samkvæmt *Íslenskri orðabók* (1983) er „móðurmál“ skilgreint sem „mál sem e-r hefur lært sem barn og er alinn upp við; ríkismál í heimalandi“.

En merking orðsins er víðari. Með hugtakinu er ekki aðeins átt við það mál sem móðirin talar. Í hefðbundnum skilningi merkir það oft **málið sem menn hugsa á, þá dreymir á og svo framvegis. Móðurmál getur verið málið, sem börn læra á undan öðrum málum, eða málið sem málnotendur ráða best við.**

Margir líta svo á að einstaklingur geti haft tvö móðurmál ef hann er tvítyngdur og getur skilið, talað, lesið og skrifað á tveimur tungumálum. Táknmál heyrnarlausra er gjarnan talið móðurmál þeirra þar sem þeir læra það fyrst mála.

Ýmsar vangaveltur og umræðupunktur:

- Munur á talmáli og ritmáli
- Mállískur – eitt tungumál eða fleiri
- Formlegt málfar og óformlegt
- Stafróf eða myndmál
- Fjöldi tungumála í heiminum í dag
- Geta tungumál verið í útrýmingarhættu eins og dýr?
- Frá vinstri til hægri eða frá hægri til vinstri – eða að ofan og niður?
- Hvaða tungumál eru lík íslensku?
- Hvað tekur það langan tíma að læra nýtt tungumál?

Hvað get ég gert skemmtilegt með því að nota tungumálið mitt?

Hugflæði:

- Ég get hugsað
- Ég get sungið
- Ég get lesið
- Ég get samið ljóð eða skrifað sögu
- Ég get látið mig dreyma
- Ég get talað og átt samskipti við fólk

Tungumál eru mjög ólík. Hér eru sögur á tungumálum sem eru okkur mjög framandi.

Sögur á arabísku, japönsku, kínversku og singalísku og íslenskar þýðingar á þeim:

Arabísk saga með íslenskri þýðingu

[Fiskurinn og slangan](#)

Japönsk saga með íslenskri þýðingu:

[Mýsnar í Sumo](#)

Kínversk saga með íslenskri þýðingu:

[Risinn og vorið](#)

Singalíska – frá Sri Lanka:

[Sundara frændi og aldingarðurinn](#)

Bekkurinn minn / skólinn minn

- Hvað kunna krakkarnir í bekknum mínum mörg tungumál?
- Eiga einhverjir annað móðurmál (upprunamál) en íslensku?
- Kann ég einhver orð í móðurmáli bekkjarfélaga minna?
- Hef ég hlustað á bekkjarfélaga mína lesa á móðurmáli sínu?
- Er starfsfólk í skólanum mínum sem á annað móðurmál en íslensku? Veit ég hvaða tungumál er móðurmál þeirra? Hef ég heyrt þetta fólk tala á móðurmáli sínu?
- Eru til bækur á bókasafninu á mörgum tungumálum?

Hvaða leiðir getum við notað til að læra nýtt tungumál?

- Lært í skóla með kennara
- Hlustað á tónlist á nýju tungumáli
- Farið í bíó og lesið texta eða hlustað á nýja málið
- Lesið auglýsingar í blöðum, lesið auðveldar bækur
- Ferðast eða flutt til annarra landa
- Notað netið og lært tungumál þar

Get ég hjálpað bekkjarfélögum mínum sem eru að læra íslensku?

- Ég get talað íslensku, hægt og skýrt – EKKI TALA ENSKU!
- Ég get útskýrt orð sem bekkjarfélagi minn skilur ekki
- Ég get teiknað mynd til að útskýra
- Ég get leikið til að útskýra
- Ég þarf líka að muna að við segjum ekki allt rétt þegar við erum að læra nýtt mál og það er eðlilegt og allt í lagi
- Ég get tekið bekkjarfélagi minn með eftir skóla í íþróttir eða annað sem ég er að gera

Verkefni fyrir bekkinn

- Þjóða erlendu starfsfólki skólans inn til okkar og fá að heyra móðurmál viðkomandi og sjá hvernig tungumál viðkomandi er skrifað
- Ég get borið saman eða skoðað tungumál sem eru lík – eiga sameiginleg orð af sömu rót
- Ég get borið saman eða skoðað tungumál sem eru ólík
- Ég get fundið á netinu hvaða tungumál það eru sem flestir í heiminum tala
- Ég get gert könnun í bekknum, búið til súlurit eða kökurit og fundið prósentur
 - Hvað tala krakkarnir mörg tungumál?
 - Hvaða tungumál langar flesta til að læra?
- Búum til plakat og límum á það mynd sem táknar eitthverð nafnorð – lýsingarorð eða sagnorð og skrifum orðið sem á við myndina á eins mörgum tungumálum og við getum – eða biðjum alla í skólanum að skrifa orðið á sínu móðurmáli
- Reynum að bera fram tungumál sem bekkjarfélagar okkar kunna en við ekki:
 - Dæmi:
 - Bon jour!
 - Jetzt versuchen wir deutsch zu sprechen!
 - yoom at-tulaatāa' - يوم الثلاثاء
 - Dzień dobry!
- Lærum að telja upp í tíu á móðurmáli allra nemenda bekkjarins
- Búum til „skrýtluvegg“ þar sem eru brandarar á mörgum tungumálum
- Þýðum íslenska vísur eða texta á önnur tungumál, t.d. „*Hani, krummi, hundur, svín*“ eða „*Höfuð, herðar, hné og tær*“ og röppum það eða búum til nýtt lag
- Búa til krossglímu með tungumálaheitum og láta samnemendur ráða þær
- Eiga nemendur bækur á erlendum tungumálum sem þeir vilja koma með í skólann og hafa í bekknum, t.d. í eina viku?
- <https://edl.ecml.at/> Vefur evrópska tungumáladagsins sem gaman er að skoða, t.d. „Facts and fun“ „language facts“ og margt fleira um tungumál
- <https://qz.com/332599/can-you-guess-the-language-being-spoken/> Hlusta á tungumál og giska á heiti þeirra
- Skoða App: DROPS – mörg tungumál, myndir og framburður: <https://languagedrops.com/>



*Bestu kveðjur,
Helga.*